

✉ Re: Ósk um umsögn, Bringur, Drumboddsstaðir deiliskipulag 2110092 -

Búið til	11.2.2022 09:34:52
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.2.2022 09:34:50
Tilheyrir	📁 202201-0040 - Bringur, Drumboddsstaðir deiliskipulag, umsögn um deiliskipulag.

Efni

Re: Ósk um umsögn, Bringur, Drumboddsstaðir deiliskipulag 2110092 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	11.2.2022 09:34:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202201-0040 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. 6. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu vegna frístundabyggðarinnar í Bringum í landi Drumboddsstaða í Bláskógabyggð.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir núverandi frístundabyggð og er markmiðið að skýra byggingarheimildir innan reitsins og að festa lóðarmörk og stærð lóða. Um tólf hektara spildu er að ræða innan mun stærra svæðis sem skilgreint hefur verið sem frístundabyggð í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar og er þetta eina spildan sem hefur verið byggt á. Búið er að byggja á 14 af 22 lóðum innan spildunnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við byggingarskilmála sem eru tilgreindir í deiliskipulaginu. Jákvætt er að mati stofnunarinnar að lóðir eru frekar litlar og þétt upp við hvor aðra en þá fer minna landsvæði undir frístundabyggðina. Þannig er dregið úr t.d. neikvæðum áhrifum á mófugla en rannsóknir hafa sýnt að þær mófuglategundir sem helst dvelja á opnum svæðum eins og heiðlóa og spói forðast mannvirki og trjágróður. Með því að skipuleggja smærri og þéttari frístundabyggð á svæðum þar sem mófuglar verpa í stað þess að skipuleggja stærra og dreifðari byggð er dregið úr þessum neikvæðu áhrifum. Fuglalíf í landi Drumboddsstaða er ekki þekkt sérstaklega en miðað við vistgerðakort er ljóst að mólendisvistgerðir eru í næsta nágrenni sem mófuglar af þessum toga sækja í.

Mikið er um birkikjarr á svæðinu sem hefur hátt verndargildi og því er jákvætt að í byggingarskilmálum komi fram að ekki sé heimilt til að spilla birkikjarri fyrir utan byggingarreiti. Þá er jákvætt að fram komi að ágengum tegundum skuli ekki planta.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn, Bringur, Drumboddsstaðir deiliskipulag 2110092 -

Date: 6.1.2022 15:22:26

Sæl öll

Við óskum hér eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu vegna Bringur í landi Drumboddsstaða í Bláskógabyggð.

Tillagan er í auglýsingu til 11.febrúar n.k.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (<mailto:stella@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)